

31. fundur Umhverfis,-skipulags - og bygginganefndar.  
Haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar 10. ágúst 2009 kl.17:00.

Mætt eru: Jóhanna Helgadóttir, Gunnlaugur Ólafsson, Áki Guðmundsson, Sóley Indriðadóttir, Sigurður J. Jónsson og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Kristján Úlfarsson og Vífill Þorfinnsson boðuðu forföll vegna veikinda.

Fyrir fundinn óskaði sveitarstjóri eftir að fá að setja inn lið stækkun á Ytra-Lóni **Samþykkt samhljóða.**

### DAGSKRÁ:

#### 1. Beiðni um umsögn vegna Hóls.

*Í bréfi frá FMR er óskað eftir umsögn Langanesbyggðar vegna þess að eigandi Hóls óskar eftir því að fella niður fasteignagjöld um 95% þar sem allt húsnæði og útihús á Hóli eru í niðurníðslu eða ónýtt. Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að hann hafi haft samband við FMR og byggingafulltrúa þar var honum sagt að FMR sæi alfarið um þetta en ef sveitarfélagið hefði aðra skoðun verður það að svara því skriflega fyrir 12.ágúst n.k. USB gerir ekki athugasemdir við niðurfellingu á fasteignargjöldum en tekur skýrt fram að ef það breytist nýting á þessum eignum mun ákvörðun nefndarinnar endurskoðast.*  
**Samþykkt samhljóða.**

#### 2. Gamla sundlaugin, umsögn.

*Sveitarstjóri fór yfir ástæðu umsagnarinnar og tjáði fundarmönnum að eftir að sveitarstjórn hafi samþykkt að rífa sundlaugina þá hafa ýmsir haft samband við hann varðandi sundlaugina og er alveg ljóst að sitt sýnist hverjum. USB gerir það að tillögu sinni að sent verði út dreifibréf þar sem íbúum Langanesbyggðar er gefinn kostur á að svara hvort það eigi að rífa sundlaugina það eða gera eitthvað annað og þá hvað og frestur til að skila rennur út 24.ágúst n.k..*  
**Samþykkt samhljóða.**

### **3. Stækkun á Ytra-Lóni.**

*Sveitarstjóri tjáði fundarmönnum að hann hafi fengið umsókn um stækkun á Ytra-Lóni þar sem sótt er um 266 m<sup>2</sup> stækkun á húsnæði, um er að ræða gámahús, 9 tveggja manna herbergi með baði. USB fagnar þessu og veitir samþykki sitt fyrir þessari stækkun með þeim fyrirvara um samþykki byggingafulltrúa og landeiganda.*

### **4. Aðalskipulag.**

*Halldór og Lilja frá Teikn á lofti fór yfir aðalskipulag Langanesbyggðar og kynnti hvernig það kæmi til með að líta út. USB samþykkir skipulagið fyrir sitt leiti.*

***Samþykkt samhljóða.***

Fundagerðin upplesin og samþykkt  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00  
Fundagerðin eru 2 blaðsíður